

Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 22. ágúst 2019

UST201905-100/S.M.

08.14.02

Lokunareftirlit á aflagðan urðunarstað Akureyrarbæjar

Þann 28. maí sl. fór fram eftirlit á aflagðan urðunarstað Akureyrarbæjar í Glerárdal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en sex frávík komu fram er varða:


1. Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Við frágang urðunarstaðarins skal jarðvegs- eða moltulag sem urðunarstaðurinn er hulinn með vera a.m.k. 1 m þykkt. Magn plasts og annarra úrgangsefna sem sést á yfirborði bendir til þess að þekjulag uppfylli ekki þessar kröfur. Frágangi telst því ekki lokið.
2. Gr. 1.5 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum og skal það leitt um hriplag og siturlögn í sandmyndun í Langamó. Koma skal í veg fyrir að óhreinsað sigvatn berist í Sigurðargil um yfirfall á sigvatnskerfi. Tjörn er á yfirborði urðunarstaðarins sem og að vatn rennur um yfirfall í Sigurðargili.
3. Gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað.
4. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óvirkur urðunarstaður Akureyrarbæjar í Glerárdal er rekinn án starfsleyfis.
5. t.l. 6 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003. Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstaðnum að haugurinn og tengd mannvirki séu sem stöðugust, einkum


þannig að ekki verði um skrið að ræða. Norðurhlið óvirka urðunarstaðarins er mjög brött og greinileg ummerki um hrun úr haugnum.

6. t.l. 7 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003. Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjáls aðgangur að honum. Hlið skulu vera lokuð nema þann hluta dags sem starfsemi fer fram. Á hverjum urðunarstað skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Engin aðgangsstýring er á urðunarstaðnum.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. september, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Frigg Thorlacius

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Akureyrarbær Glerárdalur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	28.5.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Akureyrarbær	Eftirlitsmaður	
Heimili	Geislagötu 9, Akureyri	Tegund eftirlits	Lokunareftirlit
Kennitala	4101696229	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Birgir Gunnlaugsson	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	538480,671 573522,32

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram þrjú frávik frá fyrirmælum um frágang og vöktun er varða frágang á urðunarstaðnum, söfnun sigvatns og skil á skráningum. Einnig kom fram eitt frávik frá lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er varðar rekstur á urðunarstað án starfsleyfis og tvö frávik frá reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs er varðar stöðugleika haugsins og aðgangsstýringu á urðunarstaðnum.

UMFANG EFTIRLITS

Fyrirmæli um frágang og vöktun aflagðs urðunarstaðar Akureyrarbæjar í Glerárdal voru gefin út 13. ágúst 2014. Þann 6. mars 2015 var farið í lokunareftirlit á urðunarstaðinn en þá reyndist frágangi ekki lokið. Í kjölfarið krafðist Umhverfisstofnun úrbótaáætlunar frá sveitafélaginu vegna frágangs urðunarstaðarins og vöktunarmælinga. Sveitafélagið sendi inn úrbótaáætlun sem var samþykkt af Umhverfisstofnun þann 7. september 2015. Frestur til að skila niðurstöðum mælinga var gefinn til 15. nóvember 2015 og frestur til staðfestinga og lýsinga á úrbótum vegna rennslis um yfirfall í Sigurðargili var gefinn til 15. janúar 2016, jafnframt kom fram að úrbætur vegna frágangs á yfirborði yrðu teknar út í næsta eftirliti. Engar upplýsingar hafa borist frá sveitafélaginu um úrbætur. Þann 28. maí s.l. var farið í vettvangsferð á urðunarstaðinn þar sem kannað var hvort frágangur sé í samræmi við kröfur í fyrirmælunum.

Gengið var um urðunarstaðinn með fulltrúa sveitafélagsins. Á hluta urðunarstaðarins er Norðurorka búin að koma upp gassöfnunarkerfi þar sem hauggasi er safnað og nýtt til framleiðslu á metani. Urðunarstaðurinn er nokkuð vel gróinn og hefur yfirborð að mestu verið jafnað út. Við nánari skoðun reyndist heilmikið af úrgangsefnum vera í og á yfirborðslagi og bendir það til að frágangur sé ekki fullnægjandi. Þekjulag við frágang á aflögðum urðunarstað skal vera a.m.k. 1 m á þykkt og ekki eiga að vera sjáanlega úrgangsefni á yfirborði. Því er ljóst að frágangur er ekki í samræmi við ákvæði í fyrirmælum um frágang og vöktun.

Á urðunarstaðnum er lítil tjörn og grunnur skurður henni tengdur sem í safnast vatn frá urðunarstaðnum. Frágangur á urðunarstað á að vera þannig að vatn safnast ekki á yfirborði hans, sigvatni skal safnað og það hreinsað áður en því er veitt frá urðunarstaðnum.

Norðvestantil á urðunarstaðnum er rekinn óvirkur urðunarstaður á vegum Akureyrarbæjar. Urðunarstaðurinn er án starfsleyfis, þar er engin aðgangsstýring og mikil hrúnhætta af haugnum. Greinileg merki eru um að hrún eigi sér stað úr haugnum og skapar það hættu fyrir vegfarendur um veg sem liggur neðan við hlíðar urðunarstaðarins.

Skráningum skv. gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun hefur ekki verið skilað.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

- gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun Við frágang urðunarstaðarins skal jarðvegs- eða moltulag sem urðunarstaðurinn er hulinn með vera a.m.k. 1 m þykkt. Magn plasts og annarra úrgangsefna sem sést á yfirborði bendir til þess að þekjulag uppfylli ekki þessar kröfur. Frágangi telst því ekki lokið.
- gr. 1.5 í fyrirmælum um frágang og vöktun Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum og skal það leitt um

hriplag og siturlögn í sandmyndun í Langamó. Koma skal í veg fyrir að óhreinsað sigvatn berist í Sigurðargil um yfirfall á sigvatnskerfi. Tjörn er á yfirborði urðunarstaðarins sem og að vatn rennur um yfirfall í Sigurðargili.

- gr. 1.7 í fyrirmælum um frágang og vöktun Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum fyrir árið 2018 hefur ekki verið skilað.
6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Óvirkur urðunarstaður Akureyrarbæjar í Glerárdal er rekinn án starfsleyfis.
- tl. 6 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 Koma skal úrganginum þannig fyrir á urðunarstaðnum að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Norðurhlið óvirka urðunarstaðarins er mjög brött og greinileg ummerki um hrun úr haugnum.
- tl. 7 í I. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 Urðunarstaðurinn skal varinn þannig að ekki sé frjáls aðgangur að honum. Hlið skulu vera lokuð nema þann hluta dags sem starfsemi fer fram. Á hverjum urðunarstað skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Engin aðgangsstýring er á urðunarstaðnum.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.08.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4